

Reykjavík, 16. mars 2016

Utanríkismálanefnd Alþingis
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um að efla samstarf Íslands og Grænlands. 145. löggjafarþing, þingskjal 23, 23. mál

Almennt

Rannsóknasetur um norðurslóðir og Norðurslóðaáttak Háskóla Íslands fagna þessari þingsályktunartillögu og telja að hún samræmist vel stefnumiðum Íslands í málefnum norðurslóða og eflingu vestnorræns samstarfs. Á því leikur enginn vafi að miklir framtíðarhagsmunir felast í auknu samstarfi við þessa næstu nágranna okkar.

Athugasemdir við þingsályktunina

- a. Engar athugasemdir
- b. Engar athugasemdir
- c. Við fögnum þessari tillögu og bendum á að University of the Arctic væri góður vettvangur til að efla samstarf á borð við þetta. Að gefnu tilefni skal einnig bent á það samstarf sem þegar á sér stað á milli Háskóla Íslands og Háskólans á Grænlandi
 - Sameiginlegt meistaranám í vestnorrænum fræðum sem er leitt af Háskóla Íslands. Aðrir þátttakendur eru Háskólinn á Akureyri, Háskólinn í Færeyjum og Nordland háskólinn í Bodø, Noregi. Námið hófst haustið 2015. Um er að ræða tveggja ára meistaranám þar sem hver skóli býður upp á ákveðna sérhæfingu. Öllum nemendum er að auki skylt að ljúka að minnsta kosti einu misseri við erlendan samstarfsskóla. Tilgangurinn með skiptináminu er að nemendur kynnist vestnorræna svæðinu af eigin raun svo þeir verði betur undir það búnir að starfa þar að námi loknu.
 - Kennarar frá Háskóla Íslands hafa kennt námskeið við Háskólann á Grænlandi. Má þar sem dæmi nefna að Baldur Þórhallsson og Silja Bára Ómarsdóttir hafa kennt námskeið í stjórn málafræði við Háskólann á Grænlandi.
 - Háskólinn á Grænlandi og Háskóli Íslands hafa sent nemendur sín á milli, bæði til að sækja námskeið og í tengslum við rannsóknir.
 - Nemendur og ungir embættismenn frá Grænlandi hafa tekið þátt í sumarskóla Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við utanríkisráðuneytið
 - Öflugt samstarf er á milli Háskólanna á vestnorræna svæðinu sviði rannsókna. Rannsóknasetur um norðurslóðir tekur til að mynda

þátt í tveimur slíkum yfirstandandi verkefnum. Annars vegar leiðir setrið röð af vinnustofum sem styrktar eru af Norrænu samstarfsnefndinni um hug- og félagsvísindarannsóknir þar sem skoðuð eru félags- og menningarleg áhrif loftslagsbreytinga á norðurslóðum. Þá tekur setrið þátt í verkefni sem styrkt er af NORA og leitt af háskólanum í Færeyjum þar sem fjallað er sérstaklega um eflingu græns hagvaxtar (e. green growth dialogue).

- d. Engar athugasemdir
- e. Engar athugasemdir
- f. Engar athugasemdir
- g. Engar athugasemdir
- h. Engar athugasemdir
- i. Engar athugasemdir
- j. Rannsóknasetur um norðurslóðir við Háskóla Íslands, í samstarfi við fræðimenn innan háskólans, getur tekið að sér ráðgjöf varðandi sjálfbæra auðlindanýtingu á austurströnd Grænlands.
- k. Rannsóknasetur um norðurslóðir við Háskóla Íslands, í samstarfi við fræðimenn innan háskólans, getur tekið að sér kortlagningu og ráðgjöf varðandi framtíðarsýn um nýjar skipaleiðir um norðurslóðir og ávinningum Íslands og Grænlands á miðleiðinni.
- l. Rannsóknasetur um norðurslóðir við Háskóla Íslands, í samstarfi við fræðimenn innan háskólans, getur tekið að sér ráðgjöf varðandi aðgerðir til að stemma stigum við loftslagsvá og stuðla að aukinni umhverfisvernd í tengslum við vaxandi skipaumferð.
- m. Engar athugasemdir
- n. Rannsóknasetur um norðurslóðir við Háskóla Íslands, í samstarfi við fræðimenn innan háskólans, getur tekið að sér ráðgjöf varðandi stefnumótun um málefni frumbyggja á heimskautasvæðunum með áherslu á aðkomu þeirra að ákvarðanatöku.

Fyrir hönd Rannsóknaseturs um norðurslóðir

Pia Hansson
Forstöðumaður

Margrét Cela
Verkefnastjóri

Fyrir hönd norðurslóðaátaks Háskóla Íslands

Brynhildur Davíðsdóttir
Prófessor

Bjargey Anna Guðbrandsdóttir
Verkefnisstjóri